REGLUR

um töku á hafbeitarlaxi í Hraunsfirði.

1. Við töku á hafbeitarlaxi í júní gilda eftirfarandi takmarkanir:
   a. Tökutími skal vera frá kl. 8.00-22.00 þá daga sem lax er tekinn.
   b. Upphaf töku skal vera 14. júní.
   c. Heimilt er að taka lax á eftirfarandi dögum:
   14., 16., 18., 20., 22., 24., 26., 28. og 30. júní.

2. Við töku á hafbeitarlaxi á tímabilinu 1. júlí - 10. ágúst gilda eftirfarandi takmarkanir:
   a. Tökutími skal vera frá kl. 8.00-22.00 þá daga sem lax er tekinn.
   b. Óheimilt er að taka lax frá kl. 22.00 á föstudögum til kl. 8.00 á sunnudögum.
   c. Á árinu 1998 er óheimilt að taka hafbeitarlax eftir 7. júlí.

3. Eftir 10. ágúst er heimilt að taka hafbeitarlax án tímatakmarkana.

4. Brot á reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum.

5. Reglur þessar, eru settar samkvæmt heimild í 67. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum veiðimálastjóra, og öðlast þegar gildi og gilda til loka veiðitímabils 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. júní 1996.

F. h. r.
Jón Höskuldsson.

Ingimar Jóhannsson.

13. júní 1996 Nr. 315

REGLUR

um töku á hafbeitarlaxi í Vogavík 1996.

1. Við töku á hafbeitarlaxi gilda eftirfarandi takmarkanir:
   a. Tökutími skal vera frá kl. 8.00-22.00 þá daga sem lax er tekinn.
   b. Upphaf töku skal vera 14. júní.
   c. Heimilt er að taka lax á eftirfarandi dögum:
   14., 16., 18., 20., 22., 24., 26., 28. og 30. júní, og 1.-8. júlí.

2. Eftir 8. júlí er óheimilt að taka hafbeitarlax og skal þá fjarlægja allan tökubúnað úr sjó.

3. Brot á reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum.

4. Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 67. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum veiðimálastjóra, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. júní 1996.

F. h. r.
Jón Höskuldsson.

Ingimar Jóhannsson.

Stjórnartíðindi B 46, nr. 312–315. Útgáfudagur 14. júní 1996.